

Áfangalýsing fyrir námskrárgrunn

Nafn áfanga:

ÍSLE3CK05

Titill áfanga:

Íslenskar kvikmyndir

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum eru íslenskar kvikmyndir af ýmsu tagi til umfjöllunar. Áhersla verður lögð á myndir síðastliðinna tveggja til þriggja áratuga. Ólíkar gerðir kvikmynda verða til umfjöllunar, sem dæmi má nefna heimildamyndir, gamanmyndir, spennumyndir og dramatískar myndir. Reynt verður að svara spurningum eins og: Hvað gerir góða kvikmynd góða? Til hverra höfðar kvikmynd og hvers vegna? Myndlæsi nemenda verður þjálfað með markvissum hætti og þeir hvattir til að beita gagnrýnni hugsun.

Forkröfur:

Íslenska tvö (ÍSLE2BB)

Þekkingarviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Nemandi skal þekkja til helstu kvikmynda í íslenskri kvikmyndasögu, íslenska kvikmyndaleikstjóra og einkenni þeirra og geti greint á milli ólíkra gerða kvikmynda.

Nemandi skal átta sig á byggingu kvikmynda og ýmsum öðrum greiningarþáttum, eins og til dæmis tónlist, lýsingu, myndatöku og klippingu.

Leikniviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

Nemandi geti tekið þátt í umræðu um kvikmyndir og fært rök fyrir máli sínu.

Nemandi þarf að geta komið þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti.

Hæfniviðmið:

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi þarf að geta greint kvikmyndir og helstu undirþætti.

Nemandi þarf að geta skilgreint og áttað sig á hvað felst í því að aðlaga skáldsögu að kvikmynd og átta sig á mismunandi tegundum aðlögunar.

Nemandi þarf að geta greint erindi kvikmyndarinnar við sinn samtíma.

Námsmat:

Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði hvers og eins. Nemendur taka virkan þátt í mótun áfangans og fjölbreytt verkefnavinna verður í boði. Áfanginn er án lokaprófs en krefst virkrar þátttöku og samvinnu á önninni.

Leiðbeiningar eða viðbótarupplýsingar: